

**U.S. DEPARTMENT OF STATE
Office of the Spokesman**

**For Immediate Release
2010
2010/1720**

November 29,

REMARKS

**Secretary of State Hillary Rodham Clinton
Remarks to the Press on the Release of Confidential Documents**

**November 29, 2010
Treaty Room
Washington, D.C.**

CLINTON UTANRÍKISRÁÐHERRA: Góðan dag. Er nóg pláss hér inni? Ég vil byrja á að tala um nýlegar fréttir um leyniskjöl sem voru tekin á ólöglegan hátt úr tölvum bandarískra stjórnvalda. Í samtölum mínum við starfsbræður mína víðsvegar um heim síðustu daga, og á fundi mínum fyrr í dag með Davutoglu utanríkisráðherra Tyrklands, hef ég átt mjög árangursríkar viðræður um þessi mál.

Bandaríkin fordæma harðlega ólöglega birtingu leynilegra upplýsinga. Hún stofnar lífi fólks í hættu, ógnar þjóðaröryggi okkar og grefur undan tilraunum okkar til að vinna með öðrum þjóðum að því að leysa sameiginleg vandamál. Ríkisstjórnin fylgir öflugri utanríkisstefnu sem miðar að því að styrkja þjóðarhagsmuni Bandaríkjanna og hafa forystu í heiminum um að leysa flóknustu viðfangsefni okkar tíma, eins og að laga efnahagsástand heimsins, hindra alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, stöðva útbreiðslu geryðingarvopna og stuðla að mannréttindum og alþjóðlegum gildum. Í öllum löndum og í öllum heimshlutum vinnum við að því með samstarfsþjóðum okkar að ná þessum markmiðum.

Við skulum því tala skýrt: Þessi uppljóstrun er ekki aðeins árás á utanríkishagsmuni Bandaríkjanna. Þetta er árás á alþjóðasamfélagið – bandalögin og samstarfsríkin, viðræðurnar og samningagerðirnar, sem tryggja öryggi heimsins og stuðla að efnahagslegri velmegun.

Ég er þess fullviss að það samstarf sem ríkisstjórn Obamas hefur unnið svo ötullega að því að byggja upp muni þola þessa áskorun. Við forsetinn höfum gert þetta samstarf að forgangsverkefni – og við erum stolt af þeim framförum sem það hefur áorkað – og það mun áfram verða þungamiðjan í starfi okkar.

Ég mun ekki tjá mig um eða staðfesta það sem fullyrt er að séu stolin skeyti utanríkisráðuneytisins. En ég get sagt að Bandaríkin harma mjög birtingu allra upplýsinga sem áttu að vera trúnaðarupplýsingar, þar á meðal einkasamtöl starfsbræðra okkar eða persónulegt mat og athuganir sendifulltrúa okkar. Ég vil taka fram að opinber utanríkisstefna okkar er ekki mótuð í gegnum þessar orðsendingar, heldur hér í Washington. Stefna okkar er opinber og kemur fram í yfirlýsingum okkar og gerðum um allan heim.

Ég vil líka bæta því við, fyrir bandarísku þjóðina og vini okkar og samstarfsmenn, að við höfum gripið til stórtækra aðgerða til að draga þá til ábyrgðar sem stálu þessum upplýsingum. Ég hef fyrirskipt sérstakar ráðstafanir í utanríkisráðuneytinu, auk nýrra öryggisaðgerða í varnarmálaráðuneytinu og annars staðar til að vernda upplýsingar utanríkisráðuneytisins til að svona brot geti ekki og muni ekki gerast aftur.

Samskipti ríkisstjórna eru ekki eina áhyggjuefnið sem fylgir birtingu þessa efnis. Bandarískir stjórnarerindrekar hitta baráttumenn fyrir mannréttindum, blaðamenn, trúarleiðtoga og aðra sem standa utan raða stjórnvalda og tala opinskátt um innsýn sína. Þessi samtöl byggjast líka á trausti og trúnaði. Til dæmis, ef baráttumaður gegn spillingu deilir upplýsingum um misferli opinberra aðila, eða ef hjálparstarfsmaður afhendir skjöl um kynferðislegt ofbeldi, gæti uppljóstrun um hver viðkomandi er haft alvarlegar afleiðingar: Fangelsun, pyndingar, jafnvel dauða.

Hverjar sem hvatirnar að baki því að dreifa þessum skjölum eru þá er ljóst að birting þeirra skapar raunverulega hættu fyrir raunverulegt fólk, og oft og tíðum fólk sem hefur helgað líf sitt því að verja aðra.

Ég geri mér grein fyrir að sumir kunni, fyrir misskilning, að hrósa þeim sem bera ábyrgð á þessu, svo ég vil koma þessu á hreint: Það er ekkert lofsvert við það að stofna saklausu fólki í hættu og það er ekkert hetjulegt við að skemma friðsamleg samskipti þjóða sem öryggi okkar allra veltur á.

Það eru dæmi um það í mannkynssögunni að framferði stjórnvalda hafi verið opinberað í nafni þess að afhjúpa glæpi og misgerðir. Þetta er ekki dæmi um slíkt. Þvert á móti. Það sem sýnt er í þessum leyniskjölum er sú staðreynd að bandarískir stjórnarerindrekar inna það verk af hendi sem við ætlumst til af þeim. Þeir hjálpa til við að finna og hindra átök áður en þau byrja. Þeir vinna að því hörðum höndum á hverjum degi að leysa alvarleg vandamál – að tryggja hættuleg efni, berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi, aðstoða baráttumenn fyrir mannréttindum, viðhalda bandalögum okkar, tryggja alþjóðlegan efnahagsstöðugleika. Þetta er það hlutverk sem Bandaríkin gegna í heiminum. Þetta er það hlutverk sem stjórnarerindrekarnir gegna í þjónustu sinni við Bandaríkin. Og það ætti að fylla okkur öll stolti.

Starf stjórnarerindreka okkar gagnast ekki bara Bandaríkjamönnum heldur einnig milljörðum annarra um allan heim. Auk þess að stefna tilteknum einstaklingum í hættu ráðast uppljóstranir eins og þessar að grundvelli starfs ábyrgtra stjórnvalda.

Grandvart fólk skilur þörfina fyrir viðkvæm diplómátsk boðskipti, bæði til að vernda þjóðarhagsmuni og hagsmuni heimsins. Allar þjóðir, þar á meðal Bandaríkjamenn, verða að geta átt opinskáar viðræður um það fólk og þær þjóðir sem við eigum samskipti við. Og allar þjóðir, þar á meðal Bandaríkjamenn, verða að geta átt hreinskilin, leynileg samtöl við aðrar þjóðir um sameiginleg áhyggjuefni. Ég veit að stjórnarerindrekar um allan heim eru þessu sammála – en þetta einskorðast ekki við ríkiserindrekstur. Í nánast öllum starfsgreinum – hvort sem það er lögfræði eða blaðamennska, fjármál eða læknisfræði, eða vísindasamfélagið eða rekstur smáfyrirtækja – fólk reiðir sig á trúnaðarsamskipti til að sinna starfi sínu. Við reiðum okkur á rými þess trausts sem trúnaðurinn veitir okkur. Þegar einhver rýfur þennan trúnað er illa komið fyrir okkur. Og gagnstætt sumu af því orðagjálfrí sem við höfum heyrt síðustu daga eru

trúnaðarsamskipti ekki andstæð almannahagsmunum. Þau eru undirstöðuatriði til að við getum þjónað hagsmunum almennings.

Í Bandaríkjunum fögnum við ósvikum kappræðum um áriðandi álitaefni um opinbera stefnu. Við höfum kosningar um þau. Það er einn af mestu styrkleikum lýðræðisskipulags okkar. Þetta er hluti af því hver við erum og hefur forgang hjá þessari ríkisstjórn. En að stela trúnaðarskjölum og birta þau síðan án tillits til afleiðinganna þjónar ekki hagsmunum almennings, og þetta er ekki rétta leiðin til að taka þátt í heilbrigðum skoðanaskiptum.

Á síðustu dögum hef ég talað við marga starfsfélaga mína víða um heim og við höfum öll verið sammála um að halda áfram að einbeita okkur að þeim málum og verkefnum sem fyrirliggjandi eru. Í þeim anda erum við Obama forseti staðráðin í halda áfram árangursríkri samvinnu við bandamenn okkar um leið og við leitumst við að byggja upp betri og hagstæðari heim fyrir alla.

Þakka ykkur fyrir. Ég skal með ánægju svara nokkrum spurningum.

SPURNING: Frú ráðherra, eru þessir lekar vandræðalegir fyrir þig persónulega, eða í starfi? Og hvernig hafa lekamir skaðað Bandaríkin eftir því sem þú getur séð eftir samtölin við starfsbræður þína?

CLINTON UTANRÍKISRÁÐHERRA: Charlie, eins og ég sagði í yfirlýsingu minni, og á grundvelli margra samtala sem ég hef átt við starfsbræður mína, þá er ég þess fullviss að sú samvinna og samstarf sem við höfum byggt upp í þessari ríkisstjórn mun standast þessa þrekaun. Við forsetinn höfum sett þetta samstarf í forgang, gert það að raunverulegum miðpunkti utanríkisstefnu okkar, og við erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð á síðustu 22 mánuðum.

Á hverjum einasta degi eiga fulltrúar Bandaríkjastjórnar, ekki bara utanríkisráðuneytisins, samskipti við hundruð ef ekki þúsundir stjórnarfulltrúa og almennra borgara um allan heim. Þeir vinna að markmiðum, hagsmunum og gildum Bandaríkjanna. Og það er mikilvægt að við fáum opinskáar greinargerðir frá þeim sem eru á vettvangi og vinna með starfsfélögum sínum til að upplýsa þá sem taka ákvarðanir hér í Washington.

Ég get sagt ykkur að í samtölum mínum hefur að minnsta kosti einn af starfsfélögum mínum sagt við mig: "Hafðu ekki áhyggjur af þessu. Þú ættir að sjá hvað við segjum um ykkur." Svo ég held að það sé skilningur á þessu í hópi diplómata, sem hluti af gagnkvæmri tilslökun. Og ég vona að við vinnum okkur út úr þessu og getum snúið okkur aftur að því að vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

SPURNING: Frú ráðherra, ég var að velta fyrir mér hvort þú gætir sagt okkur hvernig þú heldur að næsta ferð þín verði. Ég geri ráð fyrir að margt af því fólki sem hefur verið nefnt í þessum skeytum muni ræða við þig. Heldurðu að þetta verði óþægilegt fyrir þig í næstu viku þegar þú ræðir við þessa þjóðarleiðtoga?

Og ég veit að þú vilt ekki tala um einstök atriði úr þessum skeytum, en eitt atriði sem hefur verið dregið fram í dagsljósið er deilan um Íran. Hver heldurðu að áhrif þessara skjala muni verða á deilurnar um Íran á næstu vikum og mánuðum?

CLINTON RÁÐHERRA: Það er rétt hjá þér, Kim. Ég veit ekki hvort þú kemur með í þessa ferð en við munum hitta marga starfsbræður mína í Astana, og svo fer ég frá Kasakstan til Kirgistan og Úsbekistan og enda svo í Barein fyrir viðræðurnar í Manama. Og ég mun halda áfram þeim viðræðum sem ég hef þegar byrjað á, ýmist augliti til auglitis eða í síma, síðustu daga. Og ég mun hafa uppi á öðrum því ég vil sjálf tjá þeim hvað ég legg mikla áherslu á opnar, skapandi umræður eins og við höfum haft til þessa og að ég hyggist halda áfram að vinna náið með þeim.

Þetta er auðvitað mikið áhyggjuefni því við viljum ekki að neinn í þessum löndum, sem þessi leki gæti haft áhrif á, fari að efast um fyrirætlanir okkar eða loforð. Þess vegna lagði ég áherslu á að stefnan væri mótuð hér í Washington. Við forsetinn höfum talað mjög skýrt um takmark okkar og markmið þegar við tökumst á við þau verkefni á heimsvísu sem við stöndum frammi fyrir. Og við munum halda því áfram og við munum halda áfram að leita að öllum tækifærum til að vinna með vinum okkar og félögum og bandamönnum um allan heim og takast af festu á við þá sem okkur greinir á við, sem færir mig auðvitað til Írans.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að Íran veldur ekki bara Bandaríkjunum áhyggjum. Á öllum fundum sem ég sit, alls staðar í heiminum, koma fram áhyggjur af gerðum Írana og fyrirætlunum. Svo það er líklegt að einhverjar athugasemdir sem koma fram í skeytunum staðfesti þá staðreynd að Íranar skapi alvarlega hættu í augum margra nágretta sinna og valdi miklum áhyggjum langt út fyrir nánasta umhverfi.

Þess vegna samþykkti alþjóðasamfélagið ströngustu refsiaðgerðir sem hugsast gátu gegn Íran. Það gerðist ekki af því að Bandaríkin segðu: “Gerid þetta fyrir okkur”. Það gerðist af því að ríki komust, eftir að hafa metið gögn varðandi aðgerðir og fyrirætlanir Írana, að sömu niðurstöðu og Bandaríkin, að við verðum að gera það sem við getum til að fá alþjóðasamfélagið til að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að Íran verði kjarnorkuvopnaríki.

Svo ef einhver sem les fréttir af þessum skeytum hugsar sig um mun sá hinn sami komast að þeirri niðurstöðu að áhyggjurnar af Íran eru vel ígrundaðar, almennar og munu halda áfram að liggja til grundvallar þeirri stefnu sem við fylgjum, ásamt líkt þenkjandi ríkjum, að reyna að koma í veg fyrir að Íran komi sér upp kjarnorkuvopnum.

**U.S. DEPARTMENT OF STATE
Office of the Spokesman**

**For Immediate Release
2010
2010/1720**

November 29,

REMARKS

**Secretary of State Hillary Rodham Clinton
Remarks to the Press on the Release of Confidential Documents**

**November 29, 2010
Treaty Room
Washington, D.C.**

SECRETARY CLINTON: Well, good afternoon. Do we have enough room in here? I want to take a moment to discuss the recent news reports of classified documents that were illegally provided from United States Government computers. In my conversations with counterparts from around the world over the past few days, and in my meeting earlier today with Foreign Minister Davutoglu of Turkey, I have had very productive discussions on this issue.

The United States strongly condemns the illegal disclosure of classified information. It puts people's lives in danger, threatens our national security, and undermines our efforts to work with other countries to solve shared problems. This Administration is advancing a robust foreign policy that is focused on advancing America's national interests and leading the world in solving the most complex challenges of our time, from fixing the global economy, to thwarting international terrorism, to stopping the spread of catastrophic weapons, to advancing human rights and universal values. In every country and in every region of the world, we are working with partners to pursue these aims.

So let's be clear: this disclosure is not just an attack on America's foreign policy interests. It is an attack on the international community – the alliances and partnerships, the conversations and negotiations, that safeguard global security and advance economic prosperity.

I am confident that the partnerships that the Obama Administration has worked so hard to build will withstand this challenge. The President and I have made these partnerships a priority – and we are proud of the progress that they have helped achieve – and they will remain at the center of our efforts.

I will not comment on or confirm what are alleged to be stolen State Department cables. But I can say that the United States deeply regrets the disclosure of any information that was intended to be confidential, including private discussions between counterparts or our diplomats' personal assessments and observations. I want to make clear that our official foreign policy is not set

through these messages, but here in Washington. Our policy is a matter of public record, as reflected in our statements and our actions around the world.

I would also add that to the American people and to our friends and partners, I want you to know that we are taking aggressive steps to hold responsible those who stole this information. I have directed that specific actions be taken at the State Department, in addition to new security safeguards at the Department of Defense and elsewhere to protect State Department information so that this kind of breach cannot and does not ever happen again.

Relations between governments aren't the only concern created by the publication of this material. U.S. diplomats meet with local human rights workers, journalists, religious leaders, and others outside of governments who offer their own candid insights. These conversations also depend on trust and confidence. For example, if an anti-corruption activist shares information about official misconduct, or a social worker passes along documentation of sexual violence, revealing that person's identity could have serious repercussions: imprisonment, torture, even death.

So whatever are the motives in disseminating these documents, it is clear that releasing them poses real risks to real people, and often to the very people who have dedicated their own lives to protecting others.

Now, I am aware that some may mistakenly applaud those responsible, so I want to set the record straight: There is nothing laudable about endangering innocent people, and there is nothing brave about sabotaging the peaceful relations between nations on which our common security depends.

There have been examples in history in which official conduct has been made public in the name of exposing wrongdoings or misdeeds. This is not one of those cases. In contrast, what is being put on display in this cache of documents is the fact that American diplomats are doing the work we expect them to do. They are helping identify and prevent conflicts before they start. They are working hard every day to solve serious practical problems – to secure dangerous materials, to fight international crime, to assist human rights defenders, to restore our alliances, to ensure global economic stability. This is the role that America plays in the world. This is the role our diplomats play in serving America. And it should make every one of us proud.

The work of our diplomats doesn't just benefit Americans, but also billions of others around the globe. In addition to endangering particular individuals, disclosures like these tear at the fabric of the proper function of responsible government.

People of good faith understand the need for sensitive diplomatic communications, both to protect the national interest and the global common interest. Every country, including the United States, must be able to have candid conversations about the people and nations with whom they deal. And every country, including the United States, must be able to have honest, private dialogue with other countries about issues of common concern. I know that diplomats around the world share this view – but this is not unique to diplomacy. In almost every profession – whether it's law or journalism, finance or medicine or academia or running a small business –

people rely on confidential communications to do their jobs. We count on the space of trust that confidentiality provides. When someone breaches that trust, we are all worse off for it. And so despite some of the rhetoric we've heard these past few days, confidential communications do not run counter to the public interest. They are fundamental to our ability to serve the public interest.

In America, we welcome genuine debates about pressing questions of public policy. We have elections about them. That is one of the greatest strengths of our democracy. It is part of who we are and it is a priority for this Administration. But stealing confidential documents and then releasing them without regard for the consequences does not serve the public good, and it is not the way to engage in a healthy debate.

In the past few days, I have spoken with many of my counterparts around the world, and we have all agreed that we will continue to focus on the issues and tasks at hand. In that spirit, President Obama and I remain committed to productive cooperation with our partners as we seek to build a better, more prosperous world for all.

Thank you, and I'd be glad to take a few questions.

QUESTION: Madam Secretary, are you embarrassed by these leaks personally, professionally? And what harm have the leaks done to the U.S. so far that you can determine from talking to your colleagues?

SECRETARY CLINTON: Well, Charlie, as I said in my statement, and based on the many conversations that I've had with my counterparts, I am confident that the partnerships and relationships that we have built in this Administration will withstand this challenge. The President and I have made these partnerships a priority, a real centerpiece of our foreign policy, and we're proud of the progress that we have made over the last 22 months.

Every single day, U.S. Government representatives from the entire government, not just from the State Department, engage with hundreds if not thousands of government representatives and members of civil society from around the world. They carry out the goals and the interests and the values of the United States. And it is imperative that we have candid reporting from those who are in the field working with their counterparts in order to inform our decision-making back here in Washington.

I can tell you that in my conversations, at least one of my counterparts said to me, "Well, don't worry about it. You should see what we say about you." (Laughter.) So I think that this is well understood in the diplomatic community as part of the give-and-take. And I would hope that we will be able to move beyond this and back to the business of working together on behalf of our common goals.

QUESTION: Madam Secretary, I was wondering whether you could tell us what you think your upcoming trip is going to look like. Presumably, a lot of the people who have been

mentioned in those alleged cables are going to have conversations with you. Do you think it's going to cause you discomfort over the coming week as you engage in conversations with those leaders?

And I know you don't want to comment on the particulars of the cables, but one issue that has been brought up into the daylight is the debate about Iran. What do you think the impact is going to be of those documents on the debate about Iran in the coming weeks and months?

SECRETARY CLINTON: Well, Kim, you're right. And I don't know if you're going on this trip or not, but we will be seeing dozens of my counterparts in Astana, and then as I go on from Kazakhstan to Kyrgyzstan and Uzbekistan and then ending up in Bahrain for the Manama dialogue. And I will continue the conversations that I have started with some in person and over the phone over the last days, and I will seek out others because I want personally to impress upon them the importance that I place on the kind of open, productive discussions that we have had to date and my intention to continue working closely with them.

Obviously, this is a matter of great concern, because we don't want anyone in any of the countries that could be affected by these alleged leaks here to have any doubts about our intentions and our about commitments. That's why I stressed in my remarks that policy is made in Washington. The President and I have been very clear about our goals and objectives in dealing with the full range of global challenges that we face. And we will continue to be so and we will continue to look for every opportunity to work with our friends and partners and allies around the world and to deal in a very clear-eyed way with those with whom we have differences, which of course brings me to Iran.

I think that it should not be a surprise to anyone that Iran is a source of great concern not only in the United States, that what comes through in every meeting that I have anywhere in the world is a concern about Iranian actions and intentions. So if anything, any of the comments that are being reported on allegedly from the cables confirm the fact that Iran poses a very serious threat in the eyes of many of her neighbors, and a serious concern far beyond her region.

That is why the international community came together to pass the strongest possible sanctions against Iran. It did not happen because the United States went out and said, "Please do this for us." It happened because countries, once they evaluated the evidence concerning Iran's actions and intentions, reached the same conclusion that the United States reached – that we must do whatever we can to muster the international community to take action to prevent Iran from becoming a nuclear weapons state.

So if anyone reading the stories about these alleged cables thinks carefully, what they will conclude is that the concern about Iran is well founded, widely shared, and will continue to be at the source of the policy that we pursue with likeminded nations to try to prevent Iran from acquiring nuclear weapons.